

Álagning gjalda í Hvalfjarðarsveit 2016

1. Útsvar

Álagning útsvars á tekjur ársins 2016 er 13,14%

2. Álagning fasteignagjalda árið 2016.

Fasteignaskattur;

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 segir, að allar fasteignir sem metnar eru af Fasteignaskrá Íslands skuli árlega leggja á skatt til sveitarfélagsins þar sem fasteignin er.

Fasteignaskattur A-flokkur 0,44%

Fasteignaskattur B-flokkur 1,32%

Fasteignaskattur C-flokkur 1,65%

Lóðarleiga í þéttbýli 1,25 % af fasteignamati.

Sorphirðugjald

Sorphirðugjald vegna íbúðarhúsnæðis kr. 19.470

Sorphirðugjald vegna sumarhúss kr. 10.710.

Gjöld voru uppreiknuð miðað við vísitölu í jan. 2016

Sorpurðunargjald

Sorpurðunargjald vegna íbúðar og sumarhúsa kr. 1.620

Gjöld voru uppreiknuð miðað við vísitölu í jan. 2016

Rotþróargjald

Rotþróargjald er kr. 8.630,- og er árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa á hvert íbúðarhús og sumarhús. Rotþrærnar sjálfar eru tæmdar þriðja hvert ár. Þriðjungur kostnaðarins er innheimtur á hverju ári. Gjöld voru uppreiknuð miðað við vísitölu í jan. 2016

Gjalddagar fasteignagjalda

Gjalddagar fasteignagjalda verða 7 talsins á mánaðarfresti 15. hvers mánaðar. Í febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí, og ágúst. Fyrsti gjalddagi 15. febrúar. Ef álagning er 25.000 kr. eða minna er einn gjalddagi 15. maí.

Elli- og örorkulífeyrisþegar:

Afsláttur á fasteignaskatti til örorku- og ellilífeyrisþega er tekjutengdur.

Ekki þarf að sækja um lækkun, gerður vélrænn samanburður

tekna samkvæmt fyrirliggjandi skattframtali. Örorkulífeyrisþegar þurfa að leggja fram örorkuskírteini.

Afsláttur vegna einstaklinga:

Tekjumörk :			Afsláttur :
0	-	2.979.000	100%
2.979.001	-	3.260.000	80%
3.260.001	-	3.552.700	50%
3.552.701	-	4.238.500	25%

Afsláttur vegna hjóna:

Tekjumörk :			Afsláttur :
0	-	4.722.000	100%
4.722.001	-	5.396.500	80%
5.396.501	-	5.733.800	50%
5.733.801	-	5.958.700	25%